

Nd.

338. Nefndarátt

um frumvarp til laga um sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar getur fallist á, að frumv. þetta nái fram að ganga, þó með nokkrum breytingum. Einn nefndarmanna (H. V.) er mótfallinn frumvarpinu, en annar nefndarmanna (J. G.) vill samþykkja frumvarpið óbreytt. Þær breytingar, er meiri hluti nefndarinnar vill gera á frumvarpinu, er, að verð jarðarinnar sje ekki tiltekið í frumvarpinu, heldur fari

um söluna samkvæmt þeirri venju, er tíðkast hefir og lög nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, ákveða.

Þá getur nefndin heldur ekki fallist á ákvæði 2. gr. Nefndin telur ekki rjett, að á þennan hátt sje verið að ráðstafa ándvirði jarðarinnar. Telur nefndin, að með þessu móti geti verið skapað fordæmi, sem leitt gæti til óheppi-legra ráðstafana á ándvirði seldra kirkjujarða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Heimill er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir verið sem prestssetur í Ógurþingaprestakalli. Um söluna fer samkvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.

3. 3. gr. verði 2. gr.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson,
form. og frsm.

Jón Guðnason,
fundaskrifari.

Arni Jónsson.

Jón Kjartansson.